



# HÉRAÐSFUNDUR EYJAFJARÐAR- OG ÞINGEYJARPRÓFASTSDÆMIS 2021

Laugaborg í Eyjafjarðarsveit 29. maí 2021

## Gögn héraðsfundar

Yfirlitsskýrsla prófasts, Skýrslur sókna og kirkjugarða,  
Starfsskýrslur fulltrúa héraðsins og starfsmanna

Jón Ármann Gíslason  
skinnast@gmail.com

## Skýrslur fulltrúa héraðsins og starfsmanna

### Kirkjumiðstöðin Vestmannsvatni 2019-2020: Stjórn Vestmannsvatns

Kæra samstarfsfólk og vinir.

Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar á Vestmannsvatni sendir hér mikilvægt bréf til ykkar, erindi sem hefðum viljað koma á framfæri á Héraðsfundi árið 2020, en sá fundur var aldrei haldinn, útaf „dotlu“. En nú róm við lífróður fyrir Vestmannsvatn og hér eru upplýsingar sem okkur ber að koma á framfæri um leið og við köllum eftir viðbrögum.

#### Sagan og staðan.

Það var árið 1964 sem Æskulýðssamband kirkjunnar í Hólastifti (ÆSK) hóf rekstur sumarbúða á Vestmannsvatni. Þær störfuðu nánast óslitið fram yfir aldamótin 2000. Sumarbúðirnar voru reistar fyrir samstillt átak safnaða, félaga, fyrirtækja og einstaklinga, einkum af Norðurlandi.

Framan af var starfið einkum fólgið í rekstri sumarbúða fyrir börn, en einnig dvöldu þar hópar ungmenna úr Æskulýðsfélögum. Snemma á sjöunda áratug síðustu aldar hófst samstarf við Blindrafélag Íslands og allt fram til ársins 2005 áttu hópar blindra árvissa sumardvöl að Vestmannsvatni.

Aðrir hópar áttu lengri eða skemmri dvalir á Vestmannsvatni, æskulýðsfélög, fermingarbörn, húsmæður í orlofi, skólar, innlendir sem erlendir kórar, sóknarnefndir, gestir á námskeiðum og sunnudagaskólabörn. Hér í fyrri tíð áttu jafnframt fjölmargir hópar aldraðra dvalir á Vestmannsvatni og slíkir hópar voru fastur liður í starfinu á Vestmannsvatni. Frá árinu 2006 var starfræktur fermingarskóli í ágústmánuði fyrir vel á annað hundrað börn ár hvert, fram til ársins 2016. Eftir efnahagshrunið 2007 var í nokkur sumur boðið upp á dvöl fyrir einstæða foreldra, þeim að kostnaðarlausu en hugmynd sú var að gefa efnalitlum fjölskyldum kost á að komast í sumarfrí. Það er gaman að geta þess að Hjálparstarf kirkjunnar tók upp þessa hugmynd og hefur undanfarin sumur boðið upp á þannig dvalir á Úlfjótssvatni.

Allir þessir hópar eiga það sammerkt að þátttakendur hafa gert góðan róm að því umhverfi sem Vestmannsvatn hefur upp á að bjóða.

Árið 2001 samþykkti Kirkjuþing nýja skipulagsskrá fyrir Vestmannsvatn. Þá varð til sjálfseignarstofnunin *Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn* sem „rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum Þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir“ eins og segir í skránni. Stofnunin yfirtók eignir ÆSK á Vestmannsvatni.

Tilgangi kirkjumiðstöðvarinnar er lýst svo í skipulagsskránni:

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið.

Tilgangurinn með stofnuninni var annars vegar að efla kirkjulegt starf og hinsvegar að stuðla að samvinnu safnaðanna.

Tekjur stofnunarinnar voru fyrst og fremst námskeiðsgjöld fyrir þátttöku í því starfi sem boðið var upp á og svo styrkir frá Héraðssjóði, Kristnisjóði og einnig frá velviljuðum fyrirtækjum. Þá voru Hollvinasamtök Vestmannsvatns stofnuð árið 2007 til að vera fjárhagslegur bakhjarl Kirkjumiðstöðvarinnar og var það ákaflega mikilvægur stuðningur.

Í Morgunblaðsgrein sem birtist árið 2007 ritar Dóra Ármannsdóttir, þáverandi kennari og meðlimur í Hollvinasamtökum Vestmannsvatns og nú fyrrum skólastjóri Framhaldsskólans á Húsavík: *Sumarbúðastarfsemi á Vestmannsvatni á sér rúmlega 40 ára sögu en búðirnar voru vígðar*

*á því herrans ári 1964. Þar hafa margir lagt hönd á plóg og mikið og gott sjálfbæðiðastarf verið innt af hendi. Starfið hefur alltaf verið mikilvægt en aldrei eins og nú. Því í þjóðfélagi þar sem stress, hraði og tímaleysi er oft meira en góðu hófi gegnir ... „*

Síðustu tíu árin, hefur lítil starfssemi verið í boði, þar kemur kannski til að bæði vantar starfskrafta til og einnig fjármagn. Húsnæðið hefur lengi verið á undanþágu hvað varðar brunavarnir og er nú svo komið að ekki fæst leyfi til nokkurrar starfsemi þar lengur.

Árið 2016 gerði þáverandi stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar samning um að leigja staðinn út til aðila sem hófu þar rekstur ferðaþjónustu. Samkvæmt þeim samningi kemur skýrt fram að endurbætur fari fram á kostnað leigutaka enda standi Kirkjumiðstöðin ekki undir fjárhagslegum kostnaði við slíkar breytingar sem varð að gera.

Engin leiga skyldi innheimt fyrstu þrjú rekstrarárin en Kirkjumiðstöðin greiddi tryggingar og fasteignagjöld.

Það má vera að einhverjum þyki undarlegt að sameina kirkjustarf og ferðaþjónustu, en hugmynd þar að baki er sú að kirkjustarf fer jú að mestu fram á vetrum þegar minnst er að gera í ferðaþjónustunni og gæti þannig nýst vel í starfi kirkjunnar. En reglulegt hópastarf í söfnuðunum er hinsvegar mest frá september og fram í apríl/mái.

Í lok árs 2019 sendu rekstraraðilar erindi til stjórnar Kirkjumiðstöðvarinnar þar sem fram kom að breyttar forsendur væru fyrir því að halda rekstri áfram. Þær breytingar fólust í reglugerð varðandi brunavarnir á herbergjum, sem gerði kröfu nú á leigutaka að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir til að fá áframhaldandi rekstrarleyfi.

Leigutakar treystu sér ekki í slíkar framkvæmdir og óskuðu eftir því að fá svar um hvort „Kirkjan“ ætlaði að byggja upp staðinn frekar og nota og/eða hverjar framtíðaráætlanir væru.

Í ljós kom að fjárhagur Kirkjumiðstöðvarinnar var mjög bágur og þar sem enginn hafði um tíma verið skipaður formaður nefndarinnar og upplýsingar ekki borist til rétttrar aðila, var sú staða komin upp í mars í fyrra að ógreiddir voru reikningar frá Tryggingarfélaginu VÍS sem sendir höfðu verið í pósthólf sem enginn í stjórninni veit um og eins átti eftir að skila ársreikningum fyrir árið 2018-2019.

Núverandi stjórn fékk Guðmund Þór lögfræðing biskupsstofu til liðs við sig og gengið var frá málum og skýrslum skilað, en engu að síður var þá nánast tómur bankareikningur Kirkjumiðstöðvarinnar. Hún hefur fengið stuðning Héraðssjóðs hingað til, til að greiða tryggingar og fasteignagjöld og Kirkjuráð samþykkti dálitla fjárveitingu á dögnum til að greiða reikninga.

Haft var samband við Kirkjuráð til að fá leiðbeiningar um hvað væri hægt að gera í stöðunni varðandi leigusamning. Fundur var í júní 2020. Á þessum fundi var stjórnarfólki Kirkjumiðstöðvarinnar tjáð að ekki væri möguleiki að fá fjármagn frá Kirkjuráði til að byggja upp frekari starfssemi og leigutakar gáfu þau skilaboð að ef ekki væri gefið svar þá myndu þeir fara í gjaldþrot. Enginn stjórnarmeðlima hafði vilja til að koma nokkrum manni í svo vonda stöðu. En stjórninni var tjáð að möguleiki væri fyrir leigutaka að fá bankalán til rekstursins á Vestmannsvatni ef þeir fengu staðinn afhentan til eignar, því ekki væri hægt að fá lán til rekstursins án þess að eiga staðinn.

Samkvæmt 7. grein í skipulagsskránni frá 2002 segir: Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skal biskup Íslands ásamt próföstum Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæmis sjá svo um, að landið (og þær byggingar sem þar standa) verði afhent landeigendum í Fagranesi og Fagraneskoti, en þeir gáfu ÆSK (Æskulýðssambandi kirkjunnar í Hólastifti) landið til eignar árið 1962.

Niðurstaða fundarinn í júní, þar sem stjórn KMV, fjöldi presta í prófastsdæminu og tveir fulltrúar Kirkjuráðs sátu, var sú að veita Kirkjuráði umboð til að ganga frá málinu.

Nú er staðan sú að landeigendur hafa rætt málin sín á milli, en stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar lítur svo á að henni hafi verið stillt upp við vegg og lítið svigrúm var gefið til að ræða málin eða upplýsa um stöðuna, en það hefði í venjulegu árferði verið gert á Héraðsfundi.

Þetta bréf er ætlað til upplýsingar en um leið köllum við eftir viðbrögðum, er möguleiki á að hjálpa Kirkjumiðstöðinni að halda staðnum svo við missum ekki þennan dýrmæta stað frá okkur? Stað sem gæti gefið okkur ótal möguleika í kirkjulegu starfi í framtíðinni til eflingar svo mörgum hópum í samfélaginu. Stjórnin telur að samstarf við sterka ferðaþjónustuaðila sem vildu nýta staðinn á sumrin að mestu en í samstarfi við kirkjuna en kirkjustarf færi fram þar á vetrum, komi áfram vel til greina en ef til vill eru fleiri leiðir.

Hér eru nokkrar af hugmyndum stjórnarinnar sem sendar voru Kirkjuráði þegar óskað var eftir fjárstuðningi til uppbyggingar staðnum, en erindið hlaut ekki hljómgrunn:

#### **Hugmyndir að starfi Kirkjumiðstöðvar:**

**Fermingarnámskeið með 1-2 gistingu.** Á árunum 2006-2016 komu 3-4 hópar fermingarbarna á Vestmannsvatn, þar sem fermingarfræðsla vetrarins hófst með sólarhringssamveru, dagskráin samanstóð af fræðslu ( úti og inni) leikjum og útivist. Fyrstu árin gistu hóparnir eina nótt, en síðustu 6 árin komu þau í dagsferð.

#### **Kyrrðardagar fyrir hópa/ einstaklina**

Dásamleg náttúrufegurð og kyrrð, um haust eða yfir vetrartímann býður upp á kyrrðardagar, t.d. bænastundir, fræðsla, útivist, hugsanlega ör pílgrímagöngur yfir í Grenjaðarstað eða jafnvel fram á Lauga og enda á Einarsstöðum, um marga möguleika getur verið að ræða.

**Fræðslu- og hvíldardagar.** Meðal annars fyrir presta, djákna og annað starfsfólk kirkjunnar. Á síðustu árum hefur verið aukin og opnari umræða um kulnun í starfi. Ljóst er að eitt af lykilatriðum gegn kulnun eru góð samskipti á vinnustað, umhyggja og skilningur yfirmanna og viðurkenning þeirra og samstarfsfólks á störfum hvers annars. Góð tengsl, tjáning, hreyfing, mataræði og svefn eru öllum nauðsynleg. Helgardvöl eða 2-3 nætur á Vestmannsvatni gæti verið liður í slíkri forvörn og uppbyggingu meðal samstarfsfólks á vinnustað, ekki bara starfsfólks kirkjunnar. Það mætti einnig horfa til kennara, heilbrigðisstarfsfólks og annarra sem eru í meiri áhættu að upplifa kulnun í starfi.

#### **Leiðtoganámskeið ungmenna 16- 20 ára**

Á árunum 2007-2011 stóð ÆSKEY fyrir leiðtoganámskeiðum í barna- og unglingastarfi. Um var að ræða helgarnámskeið, tvær til þrjár helgar á önn og aðstaðan á Vestmannsvatni var oft nýtt, enda komu leiðtogaefni víða að, allt frá Möðruvallaklaustursprestakalli, Akureyri, Reykjadal, Vopnafirði og Egilsstöðum.

**Náttúrusetur kirkjunnar-** Staðurinn býður upp á fjölbreytt fuglalíf og náttúruparadís sem hægt er að nýta á margvíslegan hátt í fræðsluheimsóknum t.d. leikskóla- og grunnskólabarna.

**Þemakvöld kirkjunnar.** Prestar á svæðinu gætu skipt með sér umsjón með svokölluðum þemakvöldum. Þarna er upplagt að bjóða upp á léttan kvöldverð til dæmis, fræðsluerindi og umræður. Þemaefnin væru í tengslum við það sem við erum að fást við daglega í störfum okkar sem prestar. Má nefna þemu eins og hjónabandið, missi og sorg, stuðningur í alvarlegum veikindum, tengsl foreldrar og barna/unglinga, fíkn og fjölskylda og svo framvegis.

**Sálma- og söngkvöld.** Kirkjukórar og aðrir kórar hafa áður notað aðstöðuna sem er góð til söngs og eflingar því félagsstarfi sem kórastarfið er.

#### **Ákjósanleg staðsetnin**

Frá Vestmannsvatni er ekki nema spottakorn á allar helstu náttúruperlur fjórðungsins.

Nú eru nýjar áskoranir sem þjóðin og kirkjan standa frammi fyrir og mikilvægt að kirkjan taki þátt í að mæta þeim. Við í stjórninni teljum að Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatni bjóði upp á ótal möguleika til að taka þátt í að efla andlegt líf fólks, styðja það á tímum þar sem mikið álag er áberandi og hefur áhrif á líf og heilsu fólks. Einnig að taka þátt í samtali og vakningu um náttúru og umhverfið okkar í bæði víðu og þröngu samhengi, um hlutverk okkar sem ráðsmenn Guðs á jörðu og hvernig við hlúum að og varðveitum gjafir skaparans.

Saga þessa staðar er merkileg, hann var byggður upp fyrir vinnu og framlög fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á Norðurlandi, sem sýndu samstöðu, höfðu eldmód og áhuga. Okkur finnst við hæfi að breiður hópur eigi aðild að jafn stórrí ákvörðun og við stöndum nú frammi fyrir um framtíð staðarins. Það er velkomið að hafa samband við okkur í stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar og viðra hugmyndir og vonandi lausnir og stundum er gott að vinna hratt og rösklega og þætti okkur vænt um að heyra frá ykkur.

Með góðum kveðjum.

Sólveig Halla Kristjánsdóttir – 8207275 – [sera.halla@gmail.com](mailto:sera.halla@gmail.com)

Svavar A. Jónsson – 462 7700- [svavar@akirkja.is](mailto:svavar@akirkja.is)

Þóra Fríður Björnsdóttir 464 3128 -[thorafiridur@gmail.com](mailto:thorafiridur@gmail.com)

#### Skýrsla ÆSKEY og Störf 30% starfsmanns Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis veturinn 2019-2020.: Sonja Kro

Verkefni vetrarins voru margskonar. Í ágústlok fór ég á námskeið í Háteigskirkju sem haldið var fyrir sunnudagaskólastarfsmenn og aðra starfsmenn kirknanna sem sinna barnastarfi. Þetta námskeið varði í tvo daga og innihélt fjölbreytta fyrirlestra og fræðslu. Voru þessir dagar afar mikilvægir fyrir mig sem nýr starfsmaður í þessum geira. Ég kynntist fólki í sömu störfum og myndaði tengsl sem koma til með að nýtast áfram. Mæli hiklaust með þessu og ætla svo sannarlega að fara næsta haust aftur. Stór liður í þessu starfi tel ég vera að kynnast fólki og mynda tengsl, sem getur verið grundvöllur að góðu samstarfi, og orðið til þess að góð þróun og sköpun verði í þessu gróskumikla starfi. Þetta námskeið var því sannarlega góð innspýting fyrir veturinn. Þegar norður kom reyndi ég svo eftir megni að segja fólki frá því sem ég lærði, sá og heyrði 😊

Dagsferð með TTT hópum úr prófastsdæminu var farin einn sólríkan laugardag í október. Skráningin sprakk algerlega í höndunum á okkur og fóru tvær fullar rútur inn á Hólavátn. Um 70-80 krakkar og komust færri að en vildu. Mikil gróska er í TTT starfi á minni stöðunum í prófastsdæminu sem er afar jákvætt. Færri eru í hópnum á Akureyrinni sjálfri. Unnið var út frá sögunni Miskunnsami samverjinn og svo var farið í leiki ofl skemmtilegt. Rætt var um að endurtaka þetta.

Í sameiningu héldum við héraðspresturinn Guðmundur utan um innandyranámskeið fyrir prófastsdæmið sem haldið var í september. Góður og áhugasamur hópur mætti þar og hlustaði á fræðslu hjá Magneu Sverrisdóttur og Bylgju Dís Gunnarsdóttur. Var kallað eftir meiri slíkri fræðslu fyrir sunnudagaskólafólk og fórum við fljótt að skipuleggja næsta fund sem var svo haldinn í febrúar 2020. Þá var Sindri Geir með kynningu fyrir okkur um regnbogabænirnar og heimsmarkmiðin. Einnig gafst tími fyrir almennt spjall um sunnudagaskólann og hvernig gengi hjá hverjum og einum. Ég sýndi þar leikjaglæru og sagði frá stuttum leikjum sem ég nota í sunnudagaskóla Akureyrarkirkju og vekur lukku.

Fermingarbarnanámskeiðið Samvinna hélt áfram hjá mér þennan veturinn, en ekki eins mikil skráning og í fyrra. Fór með námskeið inni Eyjafjörð og í Þorgeirskirkju.

Tekin var ákvörðun um að hefja samstarf við austurland um farskóla fyrir ungleiðtoga. Fyrri helgin var haldin að Eiðum í október 2019 og sú seinni haldin á Hólavátni í janúarlök 2020. Um mjög fróðlegt og skemmtilegt efni er að ræða sem Jóhann Þorsteinsson lagði fram og skipulagði. Voru um

20 unglingar í hvorum farskóla fyrir sig og frá norðurlandi komu ungleiðtogarnir frá Akureyrar- og Glerárkirkju. Þessi fræðsla mun koma til með að nýtast krökkunum vel áfram í kirkjustarfinu en einnig fyrir lífið sjálft. Áframhald af farskólanum verður næsta vetur. Þegar því lýkur svo eru unglingarnir útskrifaðir úr farskólanum. Eftir báða þessa farskóla varð mér þó ansi hugleikið hversu mikilvæg mönnun á svona mótum er og hversu nauðsynlegt er að hafa ábyrga einstaklinga til að sjá um hópinn. Mjög mikilvægt er að vanda svona ferðir og þótti mér það aðeins ábótavant hjá okkur þarna. Næst verður betur hugsað úti þessa þætti. Eins velti ég líka fyrir mér nauðsyn þess að gista svona saman heila helgi, en eins og ég segi, með góðri mönnun og góðum aga á hópnum ætti svona lagað að ganga betur.

Á döfinni var svo að plana hitting með TTT krökkum í vor. Jafnvel í heimsókn hjá einhverri kirkjunni. Vegna covid veirunnar hefur því verið frestað og óákveðin tíma og skoðað í haust.

Á vormánuðum ætla ég að byrja að útbúa svokallaða dótaleigu fyrir kirkjur í prófastsdæminu. Hef ég fengið vilyrði hjá prófasti til að versla inn ýmsa hluti, bingóvél, spil ofl sem getur nýst í barnastarfinu og getur verið skemmtilegt tilbreyting. Þetta mun virka eins og bókasöfn, allt skráð niður. Þessi nýjung mun verða auglýst þegar allt verður klárt.

## Leikmannastefna þjóðkirkjunnar – Fundargerð 14. sept. 2019

### 1. Setning Leikmannastefnunnar

Biskup setti Leikmannastefnu 2019 með helgistund í kirkjunni. Flutti stutta ræðu( sjá fylgiskjal 1.) Þakkaði leikmönnum fyrir framlag þeirra til Guðs kristni í landinu og bað Guð að blessa þau og Leikmannastefnuna.

### 2. Kosning fundarstjóra og skipun ritara

Marínó Þorsteinsson formaður leikmannaráðs bauð alla velkomna og þakkaði biskupi hlý orð í garð leikmannastefnufulltrúa. Fundarstjóri var kosinn Reynir Sveinsson, Kjalarnesprófastsdæmi. Fundarritarar voru kosnir Elfa Björk Bragadóttir, Vesturlandsprófastsdæmi og Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdarstjóri leikmannaráðs. Reynir Sveinsson bauð alla velkomna og fulltrúar kynntu sig. Á þessari Leikmannastefnu sátu um 43 fulltrúar og gestir (sjá fylgiskjal 1).

### 3. Skýrsla Leikmannaráðs og reikningsuppgjör

Marínó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, flutti skýrslu leikmannaráðs og greindi frá reikningsuppgjöri 2018 (sjá fylgiskjal 2). Engar umræður urðu og var skýrslan og reikningsuppgjör vegna 2018, borin upp og samþykkt samhljóða.

### 4. Þjónustumiðstöð Biskupsstofu

- a. Sr. Sigfús Kristjánsson sviðstjóri Fræðslu og Kærleiksþjónustumála sagði frá Þjónustumiðstöðinni og starfsfólki hennar. Einnig talaði hann um að sjálfboðaliðar í kirkjunni ættu að vera duglegir að koma með nýja hugmyndir í starfi kirkjunnar og prufa þær þó einhverjar kunni að mistakast. Þjónustumiðstöð er til húsa í Háteigskirkju, en er að flytjast í Katrínatún 4 þar sem starfsemi Biskupsstofu er að flytjast.( sjá fylgiskjal 3)
- b. Brynja Dögg Guðmundsdóttir lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi Biskupsstofu sagði frá starfi sínu og einnig frá nýrri löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (sjá fylgiskjal 4)
- c. Magnea Sverrisdóttir verkefnastjóri á fræðslusviði sem sér um barna og æskulýðsstarfs. Hún sagði að börn eru ekki lengur að læra kristnifræði og það er ekki lengur í námsskrá skólanna. Kennd er trúbragðafræði. Barnastarf í kirkjunum er fyrir alla fjölskylduna. Verðum að vera með lifandi fólk í starfi. Framtíðin byrjar alltaf núna það koma alltaf nýjir árgangar inn. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nota og tengja fræðslu.( sjá fylgiskjal 5)
- d. Hreinn Hákonarson sérþjónustuprestur á sviði fræðslu og samskiptamála talaði um heimasíðuna og sýndi. Ritstjórnin hefði það markmið að uppfæra vefinn með nýjustu fréttum úr kirkjunni, þetta

væri hennar málagn, eins og bréf postulanna. Vefsíðan á að sýna fólkið í kirkjunni. Hreinn kvatti fólk að senda inn fréttir allskonar fréttir af starfi í kirkjunni.

Nokkrar umræður urðu eftir þessi erindi. Þar kom fram að fólk var mjög ánægt með erindin og að Þjónustumiðstöðin væru að byggja upp metnaðarfullt starf. Kirkjan verður að sporna við fótunum því trúlausir eru vaða yfir okkur trúaða. Þetta væri ennþá lítill hópur sem hefði samt hátt. Hádegisverður

## **5. Háteigskirkja og Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra**

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og sóknarprestur, sagði okkur frá kirkjunni og starfinu þar. Einnig var hún með kynningu á Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra.

## **6. Þjóðkirkjan – Framtíðarsýn**

Pétur Markan nýr samskiptastjóri Biskupsstofu var í forsvari um umræðu um framtíðarsýn Þjóðkirkjunnar með honum voru Hjörleifur Þórarinsson formaður sóknarnefndar Víðistaðasóknar, Diljá Mist Einarsdóttir aðstoðarmaður utanríkisráðherra og Halla Signý Kristjánsdóttir alþingismaður. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkráhusprestur boðaði forföll. Í hans stað kom Þorvaldur Víðisson biskupsritari.

Pétur Markan sagði að í Þjóðkirkjunni eru 237 þúsund manns. Við megum ekki gleyma því og segja frá því. Ekki er hægt að afmarka hópinn, því að Þjóðkirkjan þjónar ekki bara skráðum meðlimum. Við verðum að byggja brú milli tveggja heima og það þarf að vera vel gert. Er ímyndunarvandi í kirkjunni? Hvernig er hægt að vinna sér upp góð ímynd? (sjá fylgiskjal 6) Hjörleifur Þórarinsson sagði frá stefnumörkum Þjóðkirkjunnar 2004- 2010 og einnig starfi í Víðistaðasókn. Þjóðkirkjan er lifandi og kröftug hreyfing og kirkjan á að vera sýnileg. Kirkjusóknin er grunneining í starfi kirkjunnar.

Náttúruleg safnaðaruppbygging(NSU) í Víðistaðakirkju. Á haustmánuðum 2015 var ákveðið að styðjast við aðferðarfræði náttúrulegrar safnaðaruppbyggingar. Markmiðið er að upp frá grasrótinni fái söfnuðurinn vöxt og dafni af sjálfum sér. Lykillinn að velgengni innan safnaða NSU er byggður á átta gæðamörkum.(sjá fylgiskjal 7)

Dagný Mist Einarsdóttir: Hver er framtíð Þjóðkirkjunnar á tímum þar sem allir eru annað hvort ketó eða vegan? Svo lengi sem hægt er að kolefnisjafna auðvitað. Á tímum þar sem þú getur valið milli þess að taka þátt í járnkarlinum eða klífa fjarlæga tinda, nema ef vera skyldi hvoru tveggja. Á tímum þar sem yfirkeyrt fólk greiðir háar fjárhæðir til að fá svo lítið sem andartaks frið frá öllu áreitinu; til að öðlast hugarró; til að beina athyglinni að líðandi stundu; til að upplifa núvitund. Á slíkum tímum er mikið sóknarfæri fyrir Þjóðkirkjuna okkar. Þjóðkirkju sem hefur þróast með samfélaginu okkar sem er frjálst og opin. Kirkja sem tekur á móti öllum opnum örmum. (sjá fylgiskjal 8)

Halla Signý Kristjánsdóttir: Er ekki óþarfi að tala um framtíðarsýn? Er Þjóðkirkjan ekki jafngömul fjöllumum. Og eru fjöllin eitthvað að breytast eða fara?. En það er með kirkjuna eins og fjöllin, fjallið er nefnilega ekki alltaf eins. (sjá fylgiskjal 9)

Þorvaldur Víðisson: Í hádeginu var ég beðinn um að taka sæti vinar míns séra Vigfúsar Bjarna í pallborðinu núna eftir hádegis. Hann er fjarverandi vegna veikinda. Jafnframt var það orðað við mig að hugsanlega vildu fulltrúar á Leikmannastefnu fá til umræðu viðbótarsamning ríkis og kirkju, sem undirritaður var 4. september sl., og biskup Íslands kom inn á í setningarræðu sinni. Tvö orð, hugtök, komu upp í huga minn þegar ég var beðinn um þetta það eru tengsl og saga.(sjá fylgiskjal 10)

## **Kaffihlé**

## **7. Kosningar**

Kosið var um 2 aðalmenn einn til tveggja ára og annan til 4 ára og 2 varamenn til fjögurra ára. Þau Marínó Þorsteinsson og Elfa Björk Bragadóttir aðalmenn, gáfu ekki kost á sér áfram í Leikmannaráð

en varamennirnir þau Jón Oddgeir Guðmundsson og Guðný Guðnadóttir gáfu kost á sér aftur. Ágúst Victorsson sem er varamaður í Leikmannaráði og Sigríður Klara Árnadóttir leikmaður í Kjalarnesprófastsdæmi buðu sig fram sem aðalmenn, þau voru kosin samhljóða. Guðný Guðnadóttir og Jón Oddeir voru endurkjörin þar sem enginn bauð sig fram. Ágúst Victorsson var varamaður og færðist upp í aðalmann. Í hans stað sem varamaður var kosinn Jónas Þór Jóhannsson Austurlandsprófastsdæmi

Leikmannaráð er því þannig skipað

Aðalmenn: Ágúst Victorsson Reykjavíkurprófastsdæmi eystra til 2 ára, Reynir Sveinsson

Kjalarnesprófastsdæmi 2 ár, Sigríður Klara Árnadóttir Kjalarnesprófastsdæmi til 4 ára

Varamenn: Guðný Guðnadóttir Suðurprófastsdæmi til 4 ára, Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi til 4 ára, Jónas Þór Jóhannsson Austurlandsprófastsdæmi til 2 ára

## 8. Ályktanir og önnur mál

Lögð var fram eftirfarandi ályktun um sóknargjöld :

„Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2019, haldin í Háteigskirkju 14. september, skorar á Alþingi að hækka nú þegar sóknargjöld safnaða þjóðkirkjunnar til samræmis við tillögur starfshóps um fjárhagsleg tengsl þjóðkirkjunnar og safnaða hennar frá maí 2014 og ríkistjórnarsamþykktar þar um sem samþykkt var á sínum tíma.“

Ályktun var samþykkt samhljóða.

Marínó Þorsteinsson þakkaði fyrir góða Leikmannastefnu og kvaddi

Leikmannastefnufulltrúa, hann hefur setið á 29 stefnum. Leikmannastefnu gestir klöppuð mikið fyrir honum.

Biskup Íslands tók á móti Leikmannastefnufulltrúum í Biskupsgarði og sleit 33.

Leikmannastefnu. Hún þakkaði Marínó Þorsteinssyni og Elfu Björk Bragadóttur fyrir þeirra framlag til leikmanna í kirkjunni og færðilpeim gjafir.

Stiklað á stóru í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar: Kristín Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi

Greinargerðin er á vef <https://evthing.com/> með myndum frá starfinu. Sjá einnig nýja vefsíðu

Hjálparstarfsins: <https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/>



Skýrsla trúarlegar þjónustu á SAK: Sr. Sindri Geir Óskarsson

...

Starfsskýrsla héraðsprests 2019-2020: *Guðmundur Guðmundsson*

Helgihald og prestsþjónusta

Prédikunar- og prestsstarf árið 2019 var með svipuðu móti og undanfarin ár. Ég hef ekki skipulagt ákveðnar afleysingar heldur farið eftir óskum presta þegar þeir hafa verið í fríi eða styttri námsleyfum. Þá hef ég tekið að mér þjónustu vegna veikinda og þegar nágrannaprestur hefur ekki getað sinnt henni. Ég hef komið inn í hádegisstundir í Akureyrarkirkju með reglulegum hætti. Um vorið leysti ég af í Laugalandsprestakalli þar sem ekki var búið að ráða prest í tæka tíð. Ég var með álíka margar messur, guðsþjónustur og helgistundir og áður. Athafnir hef ég annast í tengslum við



afleysingar í prestaköllum. Þá hef ég skipulagt helgihald og samverustundir á Öldrunarheimilum Akureyrar sem eru að jafnaði tvisvar í mánuði á hvorum stað Hlíð og Lögmanshlíð. Þá hef ég eins og undanfarin ár séð um Samkirkjulegu bænavikuna fyrir hönd þjóðkirkjunnar sem hefur verið haldin í janúar á Akureyri í samstarfi við Aðventista, Hjálpræðisherinn, Hvítasunnu-kirkjuna og Kapólsku kirkjuna. Ein sameiginleg samkoma er haldin með þátttöku fulltrúa frá söfnuðunum. Sú samkoma hefur fundið sér samastað í Gleráarkirkju. Þetta er alþjóðlegt verkefni undirbúið af alkirkjuráðinu og samkirkjulegri deild kapólsku kirkjunnar. Þá naut ég handleiðslu í fyrsta sinn á ferlinum á vegum fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem varð mér mjög gagnleg.

Árið 2020 einkenndist af samkomutökmörkunum og vann ég með prestum á svæðinu að undirbúa, taka upp, vinna og senda út helgistundir. Stóru þættirnir í því starfi voru hátíðarmessur í samstarfi við N4 um páska og svo um jól. Skipaðar voru tvær nefndir önnur til að sinna helgistundunum, í henni voru auk mín Jóhanna Gíslasdóttir og Sindri Geir Óskarsson, sunnudagaskólanefndin, Eydis Ösp Eypórsdóttir, Oddur Bjarni Þorkelsson, Sonja Kró, Gunnar Einar Steingrímsson o.fl. Vöktu útsendingarnar athygli og hefur verið rætt um að halda því áfram að senda út til að ná lengra með boðskapinn. Þá gerði ég eina fjórtán helgistundir sem ég birti á vef prófastsdæmisins.

#### Fræðsla

Fræðslukvöldin í Gleráarkirkju voru einstaka fyrirlestrar á vormisseri. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, fjallaði um bók sem hann þýddi 13. febrúar: Sanntúaður villutrúarmaður. Um haustið vor vel sótt erindi um heilbrigði gegnum áföll og erfiðleika. Miðvikudaginn 13. nóvember var dr. Helgi Garðarsson geðlæknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri með erindi sem hann nefnir: Kenningar Jung um duldir varpa ljósi á áhrif áfalla. Seinna erindið var 27. nóvember, en þá var dr. Gísli Kort Kristófersson dósent í geðhjúkrun við Heilbrigðisvið Háskólans á Akureyri. Erindið nefnir hann: Samþætt nálgun í meðferð geðsjúkdóma og andleg bjargráð. Þá önnuðumst við Sonja Kro barnastarfsnámskeið 11. september þar sem Magnea Sverrisdóttir fjallaði um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í tengslum við barnastarfið og Brynja Dís Gunnarsdóttir um kyrrðarbæn fyrir börn, ásamt því að þær kynntu barnastarfsefnið.

Fræðslukvöldin féllu niður 2020 en ég komst í samstarfi við útvarpsstöðina Lindin með vikulega þætti, annars vegar um Eftirfylgdina við Krist, út frá Matteusarguðspjalli (33. þættir í heildina) og hins vegar Aðventu- og jólaþætti (5. þættir). Þættirnar um Matteusarguðspjalli ráðgeri ég að nýta á námskeiði í haust. Prufukeyrði ég það í vor þegar takmarkanir leyfðu og finnst mér það lofandi.

#### Hjálparstarf og jólaaðstoð

Ég er fulltrúi prófastsdæmisins í Hjálparstarfi kirkjunnar. Ég sit aðalfund starfsins og fulltrúaráðsfund. Í gögnum fundarins er stutt yfirlit um starfsveturinn 2019-2020. Það er einnig með myndum á eything.com. Þá má nálgast stærri og minni skýrslur starfsins á heimasíðu þess sem nú hefur verið uppfærð, sjá <https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/> Vil ég hvetja allt þjóðkirkjufólk að vera talsmenn þessa starfs og líta á það sem þátt í safnaðarstarfinu. Endilega nýtið þann möguleika að tengjast því með því að hafa fulltrúa úr stærri sóknunum eða að sóknir taki sig saman um fulltrúa. Það er brýnt að söfnuðir hafa þjónustu og líknaerverkefni til að eflast sem kristið samfélag. Ég kem gjarnan á fundi og kynni starfið ef þess er óskað. Á yfirstandandi ári er 50 ára afmæli Hjálparstarfsins og hvet ég alla sem sjá sér fært að gerast hjálparliða. Meira um það á nýrri heimasíðu Hjálparstarfsins [help.is](http://help.is). Jólaaðstoðin á Eyjafjarðarsvæðinu hefur gengið vel undanfarin ár. Söfnunin meðal fyrirtækja og félagasamtaka hefur gert okkur enn og aftur kleift að úthluta meir en venjulega, um 13 milljónum um jólin 2019. Samtarfssamtökin Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefnd og Rauði krossinn á Eyjafjarðarsvæðinu hafa unnið vel saman og útvíkkað samstarf sitt í annan tíma. Börn hafa verið studd til sumarbúðardvala og tómstunda.

Það hefur farið í gegnum Mæðrastyrksnefnd. Sjónarmið stjórnarinnar hefur verið að stuðla að sjálfshjálpar sem hefur verið aðalsmerki Hjálparstarfs kirkjunnar. Ekki hefur tekist að koma á samræðuvettvangi þeirra sem lifa við fátækt né heldur að vera málsvavar þessa hóps undir merki EAPN og PEP hér á svæðinu að neinu ráði en reynt hefur verið að taka þátt í þeirri starfsemi.

Í stuttu máli má segja að þessi starfsemi hafi haldið áfram og er nú stefnt að því að fest starfið í sessi með félagsstofnun eða sjálfseignastofnun undir heiti Velferðarsjóður á Norðausturlandi. Væntanlega verður héraðsnefnd eða fundur aðili til að tilnefna fulltrúa fyrir hönd Hjálparstarfsins. Úthlutunin um jólin var meiri en áður ein og vænta mátti eins og á landsvísi hjá Hjálparstarfinu. Söfnunin gekk ótrúlega vel svo sjóðurinn á að geta sinnt vel verkefnum sínum. Meðal annars hefur Eyðís Ösp Eypórsdóttir verið ráðin í 20% starf til að halda utan um úthlutun úr sjóðnum á ársgrunvelli og taka á erfiðari málum. Grundvallarsjónarmið starfsins er hjálp til sjálfshjálpar. Laun hennar hafa verið greidd af Hjálparstarfi kirkjunnar en fjármögnuð af sjóðnum, Ljósberasjóð Akureyrarkirkju og sóknarsjóði Glerárkirkju haustið 2020. Ástæði er til að ræða hvernig sóknirnar geti stutt þetta hjálparstarf á svæðinu.

#### [Vefsíða og málagn prófastsdæmisins](#)

Enn og aftur vil ég vekja athygli á uppfærðri vefsíðu prófastsdæmisins og er hún sett upp sem fréttabréf á vefnum. Vefslóðin er eything.com. Ekki hefur tekist að gera síðuna að þeim fréttamiðli sem ég gerði mér vonir um. Nú er staðan sú að Akureyrarkirkja og Glerárkirkja hafa sínar heimasíður en jafnframt ásamt flestum prestaköllum á svæðinu er notast við facebook. Ég hef talað fyrir því að prestar verði höfundar á heimasíðu prófastsdæmisins og geti svo dreift upp-lýsingum á facebook síður. Þannig yrði á einum stað upplýsingar um starfið í prófastsdæminu. Auk þess að vera umræðuvettvangur fyrir kirkjufólk. Heimasíðan koma að góðum notum við það ástand sem ríkti árið 2020 til að koma upplýsingum, boðun og fræðslu á framfæri.